39. Þögul minnismerki. Slysið mikla á Kjalhrauni haustið 1780, er Reynistaðabræður urðu úti ásamt þrem mönnum öðrum, fjölda fjár og hesta. Tvær vísur um atburð þennan eftir Pál á Hjálmsstöðum.

---

1 blað qto.

# Sögul minnis-merki.

Rúmlega hálf-önnur öld er nú liðin síðan hinn eftirminnilegi atburður varð, þá er Reynistaðabræður tveir, þeir Bjarni og Einar[x], urðu úti á Kjalhrauni, ásamt þrem mönnum öðrum úr Skagafirði. Voru þeir á norðurleið með fleiri hundruð fjár og fjölda hesta, nálægt hálfum mánuði af vetri, haustið 1780.

Enn í dag má sjá þess mörg og glögg merki í Kjalhrauni, sem minna menn á hina feikna-sorglegu slysför, sem sé, m. a., ótölulegan fjölda hesta- og kindabeina, sem þöglan vott þessa átakanlega atburðar.

Maður nokkur, Finnbogi Hafliðason, sem var norður á Kili í sumar, tók nokkra fótleggi hesta úr beinahrúgu einni og hafði heim með sér; eru fótleggirnir ótrúlega lítið fúnir og beinaskelin óskemmd að mestu, og má það furðu sæta, eftir svo langan tíma, 157 ár.

Þá er ég hafði skoðað fótleggi þessa og rennt huga mínum til liðins tíma og þess hversu æfilok hinna mörgu efnilegu og ungu manna, svo og hins mikla fjölda dýra, er þeim fylgdi þarna út í dauðann, eru og verða ávalt döpurleg, hvenær sem til þeirra er hugsað, urðu mér vísur þessar af munni:

Hefir eina og hálfa öld
hraunið steinmeitlaða
varðveitt beinin ber og köld,
blakka Reynistaða.

— o —

Eyðist tíð, en fjöllin fríð,
fóstrum bíða í skorðum,
þars í hríðum hinzta stríð
háðu lýðir forðum.

Páll á Hjálmsstöðum.

1937

x Halldórssynir, Vídalín